

Skýrsla stjórnar BSRB

október 2000 - október 2003

Þingskjal 1

40. þing BSRB

22. - 24. október 2003



Efnisyfirlit

Starfsemi BSRB.....	bls. 3
Aðalfundir BSRB.....	bls. 4
Starfsmenntunarsjóður.....	bls. 6
Norðurbandalagið.....	bls. 6
Fjármál BSRB.....	bls. 6
Umsagnir um lagafrumvörp.....	bls. 6
Útgáfumál.....	bls. 7
Starfshópar á vegum BSRB.....	bls. 7
Framfarir í þágu fjölskyldunnar.....	bls. 8
Styrktarsjóður BSRB.....	bls. 8
Lífeyrissjóðsmál.....	bls. 9
Jafnréttismál.....	bls. 9
Fræðslumál.....	bls. 10
Orlofsbyggðir BSRB.....	bls. 12
Skattastefna BSRB.....	bls. 14
BSRB rýnir í sjúkrakostnaðinn.....	bls. 14
GATS.....	bls. 15
Réttindamál.....	bls. 16
Erlend samskipti.....	bls. 18
Samband lífeyrisþega ríkis og bæja.....	bls. 20
Vinnudeilusjóður BSRB.....	bls. 20
Félagatal BSRB 2003.....	bls. 21
Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum.....	bls. 22
Formenn félaga.....	bls. 23

Ábyrgðarmaður: Ögmundur Jónasson
Umsjón og umbrot: Sigurður Á. Friðbjólfsson
Myndir: Bára o.fl.
Forsíðumynd: Geir Sævar Geirsson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.



Stjórn BSRB er nú skipuð formönnum allra aðildarféлага bandalagsins. Þessi mynd var tekin við lok síðasta þings BSRB og vantar formenn þriggja féлага á myndina. Þá hafa orðið nokkrar breytingar á formennsku í félögum eins og fram kemur í skýrslunni.

Starfsemi BSRB

Stjórn BSRB 2000 - 2003

39. þing BSRB sem haldið var 25. - 28. október 2000 breytti lögum BSRB m.a. þannig að formenn allra aðildarféлага BSRB mynda stjórn bandalagsins og var því einungis kosið um formenn, gjaldkera og ritara á síðasta bandalagsþingi.

Formaður: Ögmundur Jónasson, Starfsmannafélagi Sjónvarps.

1. varaformaður: Sjöfn Ingólfssdóttir, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

2. varaformaður: Jens Andrésson, Starfsmannafélagi ríkisstofnana.

Gjaldkeri: Jónas Magnússon, Landssambandi lögreglumanna.

Ritari: Elín Björg Jónsdóttir, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi.

Aðrir stjórnarmenn:

Hallgrímur Hallgrímsson, Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Þorvaldur Jónsson Félag opinberra starfsm. á Austurlandi, Þorbjörn Sveinsson Félag opinberra starfsm. á Vestfjörðum, Bára Garðarsdóttir Félag opinberra starfsm. í Húnavatnssýslum, Áslaug Herdís Úlfssdóttir Félag starfsm. stjórnarráðsins, Guðmundur Vignir Óskarsson Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Óskar Bjartmarz Lögreglufélag Reykjavíkur, Þuríður Einarsdóttir Póstmannafélag Íslands, Kristín Á. Guðmundsdóttir Sjúkraliðafélag Íslands, Valdimar Þorvaldsson Starfsm.fél. Akraness, Arna Jakobína Björnsdóttir Starfsm.fél. Akureyrarbæjar, Anna Ólafsdóttir Starfsm.fél. Borgarbyggðar, Þröstur Kristófersson Starfsm.fél. Dala- og Snæf.sýslu, Einar Emilsson Starfsm.fél. Dalvík-

urbyggðar, Gísli Valdimarsson Starfsm.fél. Garðabæjar, Árni Guðmundsson Starfsm.fél. Hafnarfjarðar, Stefán Stefánsson Starfsm.fél. Húsavíkur, Jón Júlíusson Starfsm.fél. Kópavogs, Oddgeir Þ. Árnason Starfsm.fél. Mosfellsbæjar, Margrét Björnsdóttir Starfsm.fél. Fjarðabyggðar, Guðbjörn Arngrímsson Starfsm.fél. Ólafsfjarðar, Gunnar Magnússon Starfsm.fél. Ríkisútvarpsins, Árni Sigurjónsson Starfsm.fél. Seltjarnarness, Ásdís Eva Baldvinsdóttir Starfsm.fél. Siglufjarðarkaupstaðar, Ragnheiður Valdimarsdóttir Starfsm.fél. Sjónvarps, Ragna Jóhannsdóttir Starfsm.fél. Skagafjarðar, Ragnar Örn Pétursson Starfsm.fél. Suðurnesja, Sigurbjörg Schiöth Starfsm.fél. Sveitarfélagsins Árborgar, Þorgerður Jóhannsdóttir Starfsm.fél. Vestmannaeyjabæjar, Hörður Davíð Harðarson Tollvarðafélag Íslands.

Nokkrar breytingar hafa orðið á stjórninni þar sem formannskipti hafa orðið í nokkrum aðildarfélögum BSRB. Ólafur B. Baldursson tók við sem formaður Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. Þórveig Þormóðsdóttir tók við sem formaður Félags starfsmanna stjórnarráðsins. Vernharð Guðnason tók við sem formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Óskar Bjartmarz tók við sem formaður Landssambands lögreglumanna. Sveinn Ingiberg Magnússon tók við sem formaður Lögreglufélags Reykjavíkur. Guðbjörg Antonsdóttir tók við sem formaður Starfsmannafélags Dalvíkurbyggðar. Gunnar Hrafn Richardson tók við sem formaður Starfsmannafélags Garðabæjar. Gísli Ársæll Snorrason tók við sem formaður Starfsmannafélags Mosfellsbæjar. Kristinn Ívarsson tók við sem formaður Starfsmannafélags Fjarðabyggðar. Ragnheiður Valdimarsdóttir tók við sem formaður Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins þegar það sameinaðist Starfsmannafélagi Sjónvarpsins.

Ingunn Hafðís Þorláksdóttir tók við sem formaður Starfsmannafélags Seltjarnarness. Hörður Þór Hjálmarsson tók við sem formaður Starfsmannafélags Siglufjarðarkaupstaðar. Bergsveinn Halldórsson tók við sem formaður Starfsmannafélags Sveitarfélagsins Árborgar. Sigurður Þ. Jónsson tók við sem formaður Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar en sl. vor tók Unnur Sigmarsdóttir við af honum.

Markmiðið með lagabreytingunum var að gera stjórnkerfi BSRB markvissara auk þess sem öll aðildarfélög bandalagsins öðluðust hlutdeild í reglulegu starfi á vegum BSRB með beinni aðild að stjórn samtakanna. Þessi breyting hefur almennt mælst vel fyrir og aukið tengslin á milli félaganna og gert þau virkari í starfi á vettvangi heildarsamtakanna.

Lagabreytingarnar gerðu ráð fyrir að framkvæmdanefnd starfaði í umboði stjórnar og að hún væri skipuð formönnum, gjaldkera og ritara.

Það var sett í sjálfsvald aðalfundar að fjölga í framkvæmdanefndinni tímabundið eða um lengri tíma og tryggja þannig ákveðinn sveigjanleika í stjórnkerfi bandalagsins jafnframt því sem skýr grundvallarrámi væri til staðar. Til þess að hafa sem besta tengingu við starf sem unnið er í nefndum á vegum BSRB var formönnum starfshópa tryggður aðgangur að aðalfundi auk þess sem gert er ráð fyrir því að fulltrúar nefnda séu íðulega kallaðir til að gera grein fyrir verkefnum sínum á vettvangi stjórnar.

Í öðru lagi var sú meginbreyting gerð að fjárhagsmálefni bandalagsins koma nú til formlegrar afgreiðslu árlega á aðalfundi en ekki þriðja hvert ár á þingum bandalagsins eins og verið hafði. Þetta var í samræmi við lög og ráðleggingar endurskoðanda. Aðalfundur hefur að vissu marki leyst bandalagsráðstefnur af hólmi en hefur meira og markvissara hlutverk.

Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar BSRB var haldinn strax þegar bandalagsþinginu hafði verið slitið 28. október 2000 og var það 1018. fundur stjórnar BSRB frá upphafi. Frá síðasta bandalagsþingi til september í ár hafa verið haldnir á þriðja tug stjórnarfunda, þar af tveir í Munaðarnesi en á þeim fundum fór stefnumótun BSRB fram. Í ársbyrjun 2002 voru haldnir vinnufundir stjórna aðildarfélaga BSRB í Hveragerði, Keflavík, Reykjavík, Borgarnesi, Akureyri og á Reyðarfirði í tengslum við mótun stefnu og skipulagsmála.

Framkvæmdanefnd BSRB hóf störf strax að afloknum fyrsta stjórnarfundinum nýrrar stjórnar og eiga sæti í henni eins og áður sagði formenn bandalagsins, gjaldkeri og ritari. Framkvæmdanefndin hefur haldið á áttunda tug fundu á tímabilinu.

Í apríl 2002 var haldinn sameiginlegur fundur stjórna BSRB, BHM og KÍ um endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í desember 2001 var haldin Málstofa um sveigjanleg starfslok. Framsögu höfðu Tryggvi Þór Herbertsson forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ, Ólafur Ólafsson fyrrum landlæknir og Helga Dögg Sverrisdóttir sjúkralíði.

Skrifstofa BSRB

Á skrifstofu BSRB starfa átta manns. Á tímabilinu hafa orðið þær breytingar að Hafðís Jensdóttir skrifstofumaður lét

af störfum en Sandra Nielsen tók við og auk skrifstofustarfa sér hún um tölvukerfi hússins. Þá hóf Þorleif Óskarsson sagnfræðingur störf í apríl 2002 við að skrá sögu BSRB, en Þorleifur hafði áður unnið að skráningu sögu SFR. Páll H. Hannesson var ráðinn tímabundið til starfa á skrifstofunni í febrúar 2002. Hann hefur verið að kanna áhrif GATS-samningsins á almannatjónustu á Íslandi auk ýmissa annarra verkefna. Sveinn Aðalsteinsson var verkefnaráðgjafi tímabundið til að sinna ákveðinni gagnasöfnun fyrir PSI-hópin.

Aðalfundir BSRB

Sú breyting var gerð á lögum BSRB á þinginu haustið 2000 að í stað bandalagsráðstefna, sem haldnar voru þau ár sem þing kom ekki saman, skyldi halda aðalfund BSRB á síðasta ársfjórðungi ár hvert. Þá er heimilt að boða til aukafundar ef þörf krefur.

Aðalfund skal boða með þriggja vikna fyrirvara. Aukafund má boða með skemmri fyrirvara. Stjórnarmenn BSRB sitja aðalfund sem fulltrúar fyrir fyrstu 400 félagsmenn bandalagsfélags en félögin kjósa viðbótarfulltrúa fyrir hverja 400 félagsmenn bandalagsfélags þar fram yfir eða brot úr þeirri tölu.

Á aðalfundi eiga auk þess sæti oddvitar svæðisnefnda, formenn starfsnefnda og starfshópa á vegum BSRB og starfsmenn BSRB með málfrelsi og tillögurétti, en ekki atkvæðisrétti nema þeir séu kjörnir fulltrúar á aðalfundinn.

Aðalfundur afgreiðir ársreikninga bandalagsins, fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, ákvarðar aðildargjöld og hver hluti gjaldsins renni til Vinnudeilusjóðs, hlutfall orlofsjóðs-íðgjalds og rekstrargjald orlofsheimilanna, kýs sjö menn í stjórn Vinnudeilusjóðs og fyrir hvern aðalmann tiltekinn varamann, skoðunarmenn reikninga, löggiltan endurskoðanda, formann stjórnar fulltrúaráðs orlofsheimilanna og tvo meðstjórnendur og fjallar um stefnumarkandi mál. Kjörgengir eru allir félagsmenn í aðildarfélögum BSRB, það á þó ekki við um kjör á löggiltum endurskoðanda.

Á aðalfundi er gefin skýrsla um störf bandalagsins á starfsárinu og erindi sem einstök bandalagsfélög óska eftir afgreiðslu á. Slík erindi eiga að berast BSRB skriflega svo unnt sé að kynna þau með viku fyrirvara.

2000: Aðalfundurinn var haldinn 8. desember og var fjárhagsáætlun fyrir árið 2001 afgreidd auk þess sem önnur hefðbundin aðalfundarstörf voru á dagskrá, svo sem ákvarðanir um aðildargjald til BSRB, orlofsjóðs-íðgjald og rekstrargjald orlofsheimilanna, kosning í Vinnudeilusjóð, skoðunarmanna reikninga, löggilts endurskoðanda, formanns stjórnar fulltrúaráðs orlofsheimilanna og tveggja meðstjórnenda.

Á fundinum var fjallað um stöðuna í réttinda- og kjaramálum en í október sama ár hafði verið gengið frá samkomulagi um fæðingarorlof og breytingu á veikindarétti sem gildi fyrir alla opinbera starfsmenn. Samkomulagið um veikindarétt var síðan fært inn í kjarasamninga aðildarfélaganna. Einnig var rætt um stöðuna í kjaramálum en samningar félaganna voru lausir og víðræður að hefjast.

Sigurður Friðriksson framkvæmdastjóri Félagsbústaða í Reykjavík hélt erindi um húsnæðismál. Fram kom hjá honum að mikil eftirspurn væri eftir félagslegu leiguhúsnæði sem ekki væri hægt að svara, en ástæðurnar væru m.a. fólksflutn-

ingar til höfuðborgarsvæðisins umfram brottflutning og hækkandi verð á fasteignamarkaði. Þá sagði hann frá störfum nefndar á vegum félagsmálaráðuneytisins um leigumarkað og leiguhúsnæði. Sigurður nefndi síðan ýmsar leiðir til að auka framboð á leiguíbúðum, m.a. að Félagsbústöðum yrði gert kleift að byggja eða kaupa allt að 200 leiguíbúðir á ári næstu 3 árin, að opnuð verði leið fyrir verktaka og byggingaraðila inn á leigumarkaðinn með því að þeir fái allt að 90% lán með vissum skilyrðum og að aðilar sem leigja út húsnæði eigi kost á vaxtabótum. Einnig nefndi hann að hægt væri að stuðla að stofnun leigufélaga með eða án þátttöku sveitarfélaga með skattalegum aðgerðum, þá væri hægt að leita samstarfs við starfandi félög og félagasamtök í því skyni að auka framboð leiguíbúða og huga að því að húsnæðisbótakerfi kæmi í stað núverandi vaxtabóta- og húsaleigubótakerfis sem yrði einfalt í framkvæmd og bætur yrðu skattfrjálstar.

Einar Ólafsson frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar gerði grein fyrir ráðstefnu sem hann fór á sem fulltrúi BSRB. Ráðstefnan var um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) undir heitinu Markaðsvöld eða lýðræðisleg stjórn. Ráðstefnan var haldin á vegum sex samtaka í Noregi.

2001: Aðalfundur var haldinn 7. desember. Auk venjulegra aðalfundarstarfa flutti Erna Indriðadóttir MS í stjórnslufræðum erindi sem hún nefndi opinber rekstur og starfsmannahald. Í erindinu kom fram að hlutur hins opinbera í þjóðarbúskapnum væri um 40% og að af rekstri opinberra stofnana væru laun 80% og gott starfsmannahald því lykilaatriði til að skila góðum árangri. Hún ræddi þær breytingar sem orðið hafa á opinberum rekstri á undanförunum árum og umræðu um einkavæðingu opinbers reksturs. Hún bar umræðuna hér saman við umræðu í Bandaríkjunum og sagði Bandaríkjamenn ekki hafa sömu ofurtrú á einkarekstri og tíðkast meðal vissra aflu hér á landi. Hún sagðist hafa kynnt sér sérstaklega starfsmannahald í Washington fylki í tengslum við nám sitt í stjórnslufræðum en fylkisstjórnin þar hefur lagt mikla áherslu á virkt starfsmannahald og er sérstakur starfsmannaráðherra í fylkisstjórninni. Hér á landi er hins vegar ekki til nein samræmd starfsmannastefna fyrir stofnanir ríkisins. Reykjavíkurborg hefur aftur á móti samþykkt nokkuð ítarlega starfsmannastefnu og er komin lengst opinberra stofnana hér á landi á þessu sviði.

Á aðalfundinum voru kynntir útreikningar BSRB á þróun kostnaðar í heilbrigðiskerfinu. Útreikningarnir sýndu þróun kostnaðar sjö mismunandi dæma sjúklinga á árunum 1990 til 2001 og voru dæmin unnin í samvinnu við lækna og sérfræðinga og borin undir Landlækniseimbættið og Tryggingastofnun ríkisins. Í ljós kom að kostnaðarhlutdeild sjúklinga hafði stórauðist á áratugnum. Þá kom í ljós mikill verðmunur á milli apóteka og einnig á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Á fundinum var kynnt að vinna væri hafin við að skoða þróun á tekjuskatti einstaklinga og að mikil vinna væri framundan varðandi skattamálin.

2002: Aðalfundur var haldinn 15. nóvember. Meðal mála sem tekin voru fyrir á aðalfundinum, auk venjulegra aðalfundarstarfa, má nefna að framkvæmdastjórnar þriggja lífeyrissjóða sem BSRB-félagar eiga aðild að gerðu grein fyrir starfsemi sjóðanna og svöruðu fyrirspurnum. Þetta voru



Frá 1. maí göngu sl. vor. Mynd Þorleifur.

þeir Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Jón G. Kristjánsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og Sigurbjörn Sigurbjörnsson framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Ræddu þeir um fjárfestingastefnu sjóðanna og stöðu þeirra almennt.

Ögmundur Jónasson formaður BSRB afhenti Óla H. Þórðarsyni framkvæmdastjóra Umferðarráðs 500 þúsund krónur til sameiginlegs umferðarátaks BSRB og Umferðarráðs. Þeningarnir voru gefnir í minningu Helga Andréssonar fyrrverandi stjórnarmanns BSRB en hann lést í umferðarslysi vorið 2002.

Andrés Pétursson frá Evrópusamtökunum og Ragnar Arnalds frá Heimssýn viðruðu ólík sjónarmið varðandi Ísland og Evrópusambandið. Andrés taldi það ekki spurningu um hvort Ísland gerðist aðili að ESB heldur einungis hvenær. Ragnar sagði hins vegar að með inngöngu væri fullveldisrétturinn framseldur til Brussel, auk þess sem Íslendingar misstu yfirráð yfir sjávarútveginum. Hann var þess vegna algjörlega andvígur því að Íslendingar létu á það reyna að sækja um aðild að ESB.

Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur BSRB og Elsa Þorkelsdóttir frá Persónuvernd fjölluðu um persónuvernd starfsmanna, m.a. um eftirlit atvinnurekenda með tölvupósti og netnotkun starfsmanna.

Á aðalfundinum var einnig fjallað um skattamál, heilbrigðismál og húsnæðismál og sendi fundurinn frá sér ályktanir um þessa málaflokka auk ályktunar um persónuvernd.



Kristinn Sigmundsson stórsöngvari og Jónas Ingimundarson píanóleikari á Menningarhátíð BSRB í Munaðarnesi í sumarbyrjun 2001.

Starfsmenntunarsjóður

Starfsmenntunarsjóður starfsmanna ríkisins innan BSRB var stofnaður í tengslum við gerð aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra á árinu 1980.

Hlutverk sjóðsins er að efla og auðvelda starfs- og endurmenntun ríkisstarfsmanna innan bandalagsins. Tekjur sjóðsins eru framlag úr ríkissjóði sem nemur 0,22% af heildartekjum félagsmanna og vaxtatekjur.

Stjórn sjóðsins er skipuð fjórum mönnum, tveimur skipuðum af fjármálaráðherra og tveimur af stjórn BSRB. Fulltrúar fjármálaráðherra eru Lárus Ögmundsson formaður og Birgir

Guðjónsson og fulltrúar BSRB eru Kristín Á. Guðmundsdóttir og Ólafur Þ. Jónsson.

Nokkur aðildarfélög BSRB sem áttu í upphafi aðild að Starfsmenntunarsjóðnum hafa stofnað eigin starfsmenntunarsjóði og gengið úr Starfsmenntunarsjóði ríkisins. Þau félög sem nú eiga aðild að sjóðnum eru Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag starfsmanna stjórnarráðsins, Sjúkraliðafélag Íslands, Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins og Tollvarðafélag Íslands.

Veturinn 2001 - 2002 einbeitti Starfsmenntunarsjóður BSRB og starfsmenntunarsjóðir aðildarfélaganna sér að því að styrkja tölvunám félagsmanna í tengslum við tölvuáttak BSRB sem kynnt verður annars staðar í skýrslunni.

Norðurbandalagið

Norðurbandalagið á Norðurlandi eystra hefur starfað skv lögum frá 1991 um aðildarfélög í einstökum landshlutum geti í samráði við stjórn BSRB stofnað samstarfsnefndir um sameiginleg hagsmunamál félaganna.

Oddviti Norðurbandalagsins er Peter Jones frá STAK.

Fjármál BSRB

Iðgjald aðildarfélaganna til BSRB er 0,35% af föstum launum félagsmanna. Af þeim tekjum renna 15% í Vinnudeilusjóð BSRB. Sú breyting var gerð á lögum BSRB á síðasta þingi bandalagsins að ársreikningar eru nú afgreiddir árlega á aðalfundum bandalagsins en ekki á þingi bandalagsins þriðja hvert ár eins og áður var gert.

Umsagnir um lagafrumvörp

Mikill fjöldi lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna berst frá Alþingi til umsagnar hjá BSRB ár hvert og af hálfu bandalagsins er mikil vinna lögð í umfjöllun og afgreiðslu þeirra. Fjárlög eru jafnan tekin til ítarlegrar umfjöllunar og þingnefndum Alþingis send afstaða BSRB til þeirra.

Bandalagið hefur á kjörtímabilinu fengið til umsagnar málefni sem snerta flesta þætti þjóðlífsins en höfuðáhersla er lögð á að fjalla um öll mál sem snerta kjör launafólks og byggja umsagnir á þeirri stefnu sem mótuð er á þingum bandalagsins. Af málum sem verið hafa til umfjöllunar má nefna; fæðingarorlofsmál, vinnuverndarmál, jafnréttismál, skattamál, heilbrigðismál, fræðslumál, húsnæðismál, vinnu- markaðsmál, upplýsingalög, einkavæðingu opinberrar þjónustu, og er þá aðeins tæpt á hluta af þeim málum sem koma til umfjöllunar hjá BSRB.



Frá fréttamannafundi samtaka launafólks þar sem kynnt var áskorun sem BSRB, ASÍ, BHM, KÍ, Faramanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag bóka-gerðarmanna og Átak gegn stríði sendu ríkisstjórn Íslands. Í áskoruninni var ríkisstjórnin hvött til að beita áhrifum sínum á alþjóðavettvangi til að koma í veg fyrir stríðið í Írak.

Útgáfumál

BSRB-tíðindi hafa komið út tvisvar sinnum á ári undanfarin ár. Í blaðinu er fjallað um margvísleg málefni sem varða félagsmenn. Má þar nefna réttindamál, skattamál, Tölvufræðslu BSRB, GATS, einkavæðingu, heilbrigðismál, fræðslumál og þannig mætti telja áfram. Haustið 2002 var farið að prenta BSRB-tíðindi hjá Ísafold í stað Odda eftir útboð. Blaðið er prentað í um 20.000 eintökum og dreift til allra félagsmanna í BSRB auk þess sem það er sent í stofnanir og til þeirra aðila sem eiga mest samskipti við BSRB.

Ritnefnd BSRB var kjörin í janúar 2001 og voru eftirtaldir kjörnir: Einar Andrésson SFR, formaður, Ragnheiður Valdimarsdóttir Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins, Einar Ólafsson Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Hanna Rósa Sveinsdóttir STAK og Þorgerður Jóhannsdóttir Starfsmannafélagi Vestmannaeyja, en hún hætti á tímabilinu.

Af annarri útgáfu á vegum bandalagsins má nefna skoðanakönnun um tölvulæsi félagsmanna BSRB sem var gefin út í janúar 2001. Bæklingurinn um trúnaðarmanninn var endurprentaður sama haust og var það þriðja prentun bæklingins. Bæklingurinn Réttindi á vinnumarkaði í samantekt Sigurðar Á. Friðþjófssonar kom út nóvember 2002 og var dreift ókeypis til trúnaðarmanna aðildarfélaga BSRB.

Fyrirlestur um markaðsvæðingu raforku í Bandaríkjunum

Bandaríkjamennirnir Theo McGregor og Jerrold Oppenheim voru með fyrirlestur á vegum BSRB í Ársal Hótel Sögu 28. maí 2001 um rannsóknir á skipulagi raforkugeirans í Bandaríkjunum og nefndist hann "Er markaðsvæðing raforku í hag neytenda?" Að fyrirlestrinum loknum svöruðu McGregor og Jerrold Oppenheim fyrirspurnum. Fyrirlesturinn var túlkaður á íslensku. Húsfyllir var á fyrirlestrinum og fyrirlesturinn þýddur og gefinn út af BSRB.

Heimasíða BSRB

Heimasíða BSRB var tekin til gagn Gerrar endurskoðunar. Nýtt útlit var hannað á síðuna. Gengið var til samstarfs við Vef samskiptalausnir við hönnun og viðhald á síðunni. Forsíða BSRB-vefsins er nú fréttasíða sem er uppfærð reglulega. Á vefnum er hægt að nálgast kjarasamninga aðildarfélaga BSRB. Þá eru á vefnum lög og reglugerðir sem varða réttindi launafólks auk almennra upplýsinga um bandalagið, greinar úr eldri BSRB-tíðindum og ýmist annað efni sem varðar BSRB. Einnig er hægt að sækja þangað ýmsar hagnýtar upplýsingar. Vorið 2003 var settur upp hamur fyrir sjón-dapra á vef BSRB og var bandalagið þar í fararbroddi. Slóð heimasíðu BSRB er: www.bsrb.is

Gerð var tilraun með rafrænan fréttamiðill, Fréttamiðlun BSRB sl.vetur og er stefnt að því að framhald verði á því.

Starfshópar á vegum BSRB

Á vegum BSRB eru starfandi málefnaþópar um einstaka málaflökka. Hafa þessir hópar innt mikið starf af höndum og átt stóran þátt í að móta stefnu BSRB í málaflökunum. Þátttaka í þessum hópum er opin öllum félagsmönnum BSRB og hefur þátttaka í þeim því verið breytileg. Reynslan hefur þó verið sú að sama fólkið hefur setið í þessum hópum frá þingi til þings.

Málefnaþóparnir eru:
Vinnuverndarhópur BSRB
Húsnæðishópur BSRB
Skattahópur BSRB
Heilbrigðishópur BSRB



Málefni Íslandspósts hafa verið í deiglu undanfarin ár og mörg pósthús verið lögð niður.

Framfarir í þágu fjölskyldunnar

Gengið var frá samkomulagi um stofnun Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BSRB fyrir þremur árum. Að samkomulaginu stóðu auk BSRB, BHM og Kennarasamband Íslands. Handan borðsins voru fjármálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Iðgjald til sjóðsins rennur annars vegar til fjölskyldu hluta hans og stendur straum af kostnaði til að tryggja réttindi kvenna úr röðum opinberra starfsmanna sem eru í fæðingarorlofi. Hins vegar rennur gjaldið í styrktarsjóði sem aðildar-

félög BSRB hafa annað hvort tekið til sín eða reka í samvinnu undir merkjum bandalagsins.

Með fyrnefndu samkomulagi var tryggt að konur í opinberri þjónustu yrðu ekki fyrir neinni réttindaskerðingu með tilkomu Fæðingarorlofssjóðs Tryggingastofnunar. BSRB hefur í góðri samvinnu við BHM og Kennarasambandið fylgst náið með fjárhag sjóðsins. Hátt á annað þúsund kvenna hefur notið góðs af greiðslum úr sjóðnum.

Styrktarsjóður BSRB

Styrktarsjóður BSRB er grundvallaður á samkomulagi BSRB, BHM og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga hins vegar frá 24. október 2000.

Sjóðurinn var stofnaður með reglugerð 6. desember 2001 en hóf reglulega starfsemi í febrúar 2002. Gerður var þjónustusamningur við Fjölskyldu- og styrktarsjóð, FOS, um rekstur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins er 0,3 % af heildarlaunum þeirra starfsmanna sem undir sjóðinn heyra. Innheimta iðgjalda hófst frá og með 1. janúar 2001.

Á árinu 2002 bárust 1434 umsóknir, þar af voru 1314 afgreiddar og 120 hafnað. Helstu ástæður höfnunar voru að umsóknir voru ekki í samræmi við reglur sjóðsins. Þá er þess

að geta að stjórn sjóðsins tók þá ákvörðun í upphafi að á fyrsta starfsári sjóðsins yrðu eingöngu veittir styrkir vegna kostnaðar sem stofnað væri til á því ári. Framvegis yrðu hins vegar greiddir reikningar frá fyrra ári en þó mættu reikningar aldrei vera meira en ársgamli. Þetta skýrir að hluta til hvers vegna talsvert var um hafnanir í upphafi. Þá er á það að líta að í fyrstu sóttu margir um sem ekki voru aðilar að sjóðnum, höfðu ekki greitt síðustu sex mánuði eða voru hættir störfum.

Stjórn sjóðsins skipa Garðar Hilmarsson St.Rv. formaður sjóðstjórnar, Kristín Á Guðmundsdóttir SLFÍ, Margrét Björnsdóttir St.félag Fjarðabyggðar, Torfi Friðfinnsson FOSS, Þórveig Þormóðsdóttir Fél.starfsm. stjórnarráðsins, ritari stjórnar. Varamenn eru Ragnar Örn Pétursson St.félag Suðurnesja og Þorvaldur Geirsson LSS.



Stjórn BSRB kom saman í Munaðarnesi til að ræða skipulag bandalagsins og vinna að stefnumótun.

Lífeyrissjóðsmál

Haustið 1996 gerði BSRB ásamt BHM og Kennarasambandi Íslands samning um nýtt fyrirkomulag lífeyrismála opinberra starfsmanna. Þessir samningar mörkuðu tímamót og þóttu sýna mikinn framfaravilja af hálfu þeirra sem að samningunum stóðu. Kerfið var þannig hannað og frá því gengið að starfsmenn innan almannatjónustunnar sem aðild eiga að fyrrgreindum bandalögum eiga rétt til innngöngu í LSR og Lífeyrissjóð sveitarfélaganna að því tilskildu að um það náist samkomulag við atvinnurekendur. Hvorki viðsejendur símamanna á sínum tíma né póstmanna hafa viljað ljá máls á slíku - alla vega ekki enn sem komið er.

Ekki hafa aðrir en ríkið heldur verið reiðubúin að semja

við okkur um viðbótarframlag í séreignardeildir lífeyrissjóðanna. Samkomulag um þetta var hins vegar undirritað við fjármálaráðherra hinn 20. desember árið 2000, sem gerð er frekari grein fyrir í kaflanum um réttindamál. Þar var frá því gengið að á móti 2% greiðslu launamanns kæmu 2% frá atvinnurekanda.

BSRB hefur lagt kapp á að efla tengslin á milli samtakanna og félagsmanna annars vegar og lífeyrissjóðanna hins vegar. Þannig hefur verið gert að reglu að fá framkvæmdastjóra allra þeirra lífeyrissjóða sem félagar í BSRB eiga aðild að til að gera grein fyrir starfi sjóðanna og sitja fyrir svörum á aðalfundum BSRB.

Jafnréttismál

Jafnréttisnefnd BSRB skipa Þórveig Þormóðsdóttir FSS formaður, Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir PFÍ, Guðrún Jóhannesdóttir, STAK, Sigríður Kristinsdóttir SFR, Margrét Þóra Óladóttir SLFÍ, Oddgeir Þór Árnason, STAMOS og Ægir Lúðvíksson St.Rv.

Fæðingarorlofslögin hafa nú að fullu tekið gildi frá síðustu áramótum og tölur frá félagsmálaráðuneytinu gefa til kynna að um 80% feðra nýti sér sinn hluta orlofsins.

Jafnréttisnefnd tekur þátt í alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Í ár tók nefndin þátt í undirbúningi með öðrum launamannasamtökum að hádegisverðarfundum um launamál kynjanna sem haldinn var á Grand Hótelu 7. mars. Var það vel heppnaður fundur og fjölmennur, þangað mætti m.a. öll stjórn

BSRB. Einnig tók nefndin þátt með frjálsum félagsamtökum í hátíðardagskrá sem haldin var í Miðbæjarskólanum 8. mars.

Nefndin fylgdist með könnunum og rannsóknum á launamun kynjanna, en þar kemur fram að enn er verk að vinna til að kynin sitji við sama borð þegar kemur að launum.

Yfirkjörstjórn BSRB

Þórveig Þormóðsdóttir FSS
Þorgrímur Guðmundsson LL
Torfi Þorsteinsson PFÍ

Fræðslumál

Fræðslunefnd BSRB var í upphafi þessa tímabils skipuð þeim Elínu Björgu Jónsdóttur, Jens Andræssyni, Garðari Hilmarssyni, Björgu Kristjánsdóttur, Sigurði Lárusi Sigurðssyni, Guðfinnu Eyjólfsdóttur og Kristínu Á. Guðmundsdóttur sem var formaður nefndarinnar. Kristín hætti haustið 2002 er hún tók sér leyfi frá störfum til að fara í framhaldsnám. Elín Björg Jónsdóttir tók þá við formennsku nefndarinnar. Guðfinna Eyjólfsdóttir hætti einnig um svipað leyti og komu þau Ingunn Hafdís Þorláksdóttir og Hallgrímur Hallgrímsson þá inn í nefndina. Á tímabilinu hefur nefndin einbeitt sér að tveimur stórum verkefnum, Tölvufræðslu BSRB og Forystufræðslu BSRB.

Trúnaðarmannafræðsla

Trúnaðarmannanámskeið hafa verið haldin árlega í Munaðarnesi á hverju hausti og er nú unnið að endurskipulagningu trúnaðarmannafræðslu innan bandalagsins.

Starfslokanámskeið

BSRB hefur árlega haldið starfslokanámskeið í húsnæði bandalagsins og hafa þau verið mjög vel sótt, eða um 100 manns í hvert skipti. Námskeiðin eru ætluð fyrir félagsmenn og maka sem eru að nálgast starfslok.

Vika símenntunar

BSRB hefur verið þátttakandi í viku símenntunar og styrkt átakið myndarlega. BSRB hefur verið með fulltrúa í vinnuhópi viku símenntunar og þannig tekið virkan þátt í framkvæmdinni. Eins og fram kemur hér á eftir þá notaði BSRB þennan vettvang til að kynna tölvuáttak bandalagsins. Þá hafa einstök aðildarfélög nýtt þennan vettvang til að kynna fræðslustarf sitt.

Genfarskólinn

Undanfarin ár hefur einn félagsmaður frá BSRB sótt nám í

Genfarskólanum sem rekinn er af NFS (Norrænu verkalýðsamtökunum) í tengslum við þing ILO (Alþjóða vinnuálastofnunarinnar). Í Genfarskólanum er fjallað um störf og ályktanir Alþjóða vinnuálastofnunarinnar auk þess sem þátttakendur fylgjast með þingi stofnunarinnar.

Tölvufræðsla BSRB

BSRB réðst í mjög öflugt áttak á sviði tölvufræðslu fyrir félagsmenn sína í framhaldi af ályktun 39. þings bandalagsins um að BSRB léti fara fram könnun á tölvufærni félagsmanna með það í huga að jafna aðstöðu þeirra til að nýta sér hina fjölmörgu kosti upplýsingasamfélagsins. Þá niðurstöðu átti að nota til þess að BSRB gæti fundið símenntun þann farveg sem best gagnaðist öllum félagsmönnum.

BSRB fékk ráðgjafafyrirtækið Lausnir til að gera skoðanakönnun meðal félagsmanna BSRB í janúar 2001 um tölvukunnáttu, aðgengi að tölvum, notkun og óskir félagsmanna um námskeið. Úrtakið var 800 einstaklingar sem skiptust hlutfallslega á milli aðildarféлага BSRB.

Þetta var í fyrsta skipti sem svona könnun er gerð meðal afmarkaðs hóps hér á landi en áður hafa verið framkvæmdar sambærilegar kannanir meðal landsmanna allra. Niðurstöður könnunarinnar voru mjög athyglisverðar. Þannig höfðu 85% aðspurðra áhuga á að sækja námskeið í tölvunotkun og upplýsingatækni. Fram kom í könnuninni að mest þörf væri fyrir grunnnámskeið.

Í framhaldi af skoðanakönnuninni ákvað fræðslunefnd BSRB að bjóða út námskeið í tölvu- og upplýsingatækni fyrir félagsmenn til að efla tölvulæsi hjá þeim. Fékk nefndin Garðar Gíslason fræðslustjóra Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands til að vera ráðgefandi við verkefnið. Ákveðið var að bjóða út 100 námskeið á vegum bandalagsins, þar af 75 á höfuðborgarsvæðinu og 25 á landsbyggðinni. Útboðsgögn voru send til allra starfandi tölvuskóla sem talið var að gætu ráðið við verkefnið. Tilboð bárust frá 8 aðilum og voru fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, þau Karl Kristjánsson deildarstjóri og Elísabet Guðjónsdóttir verkefnisstjóri fengin til að aðstoða við að yfirfara tilboðin. Ákveðið var að ganga til samninga

við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann en tilboð hans reyndist hagstæðast. NTV rekur tölvuskóla á þremur stöðum, í Hafnarfirði, Kópavogi og á Selfossi. Tekið var upp samstarf við starfsmenntunarsjóði aðildarfélaganna við að fjármagna námskeiðin.

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins styrkti þetta áttak BSRB um 3 milljónir króna. Þá styrkti fjármálaráðuneytið starfsmenntunarsjóði starfsmanna ríkisins um 10 milljónir. Einnig sýndu nokkur sveitarfélög þessu átaki skilning og styrktu starfsmenntunarsjóði starfsmannafélaganna myndarlega.



Einn af hópunum í forystufræðslu BSRB ásamt Kristínu Á. Ólafsdóttur kennara.



Nemendur á fyrsta tölvunámskeiði Tölvufræðslu BSRB ásamt kennara og hluta af fræðslunefnd BSRB auk starfsmanna nefndarinnar.

Í tengslum við tölvufræðsluna ákvað BSRB að taka þátt í viku símenntunar og vera með kynningu á tölvufræðslunni í Kringlunni í september 2001.

Varðandi námskeið úti á landi var ákveðið að ganga til samstarfs við símenntunarmiðstöðvar þar sem þær eru fyrir hendi en auk þess var haft samstarf við fleiri tölvuskóla á landsbyggðinni.

Mikil aðsókn var að námskeiðunum bæði á höfuðborgarsvæðinu en ekki síður á landsbyggðinni og sóttu hátt í 2000 manns tölvunámskeið á vegum Tölvufræðslu BSRB. Almenn ánægja var með námskeiðin svo ákveðið var að ganga aftur til samninga við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann veturinn 2002 til 2003. Nú hefur verið samið við NTV um fastan afslátt á námskeiðum hjá skólanum fyrir félagsmenn í BSRB.

Forystufræðsla BSRB

Fræðslunefnd BSRB hefur skipulagt forystufræðslu fyrir stjórnarmenn og starfsmenn aðildarfélaganna BSRB. Námskeiðin eru þannig uppbyggð að þrjár tveggja til þriggja daga staðbundnar lotur verða í Munaðarnesi. Fyrsta lotan hófst sl vor, lota tvö nú í haust og lota þrjú vorið 2004. Á milli staðbundnu lotanna er fjarnám í gangi og stendur hver fjarnámslota í þrjá mánuði.

Í staðbundnu lotunum er lögð áhersla á fjóra meginþætti:

1. Sjálfsefningu, framkomu, tjáningu og ræðumennsku, sem Kristín Á. Ólafsdóttir, adjunkt við KHÍ, kennir. Þar kemur einnig Sigurður Á. Friðþjófsson, starfsmaður BSRB, að með kennslu í samskiptum við fjölmiðla og gerð fréttatilkynninga.

2. Samningatækni og stefnumótun við samningagerð, sem

Árni Guðmundsson, formaður Starfsmannafélags Hafnarfjarðar, kennir.

3. Verkefnastjórnun og samvinnuhæfni stjórnenda, sem Helgi Þór Ingason, verkfræðingur og kennari við HÍ og Haukur Ingi Jónasson, guðfræðingur og kennari við Endurmenntun HÍ kenna.

4. Uppbygging og hlutverk BSRB sem forysta bandalagsins annast, annars vegar með kynningu og hins vegar með skoðanaskiptum við þátttakendur.

Þá leiðbeinir Garðar Gíslason, félagsfræðingur og kennari við MK og VMA, nemendum við fjarnámið en hann hefur yfirumsjón með því. Þeir aðilar sem kenna í staðbundnu lotunum eru einnig með námsefni í fjarnámi en auk þess er boðið upp á fjölbreytt námsefni í fjarnáminu: Fundarsköp og fundarritun eftir Sigurjón Bjarnason endurskoðanda. Upplýsingaleit og internetið eftir Garðar Gíslason. Lög og reglugerðir sem varða kjaraumhverfið eftir Ernu Guðmundsdóttur lögfræðing BSRB. Hagfræði, lesið úr tölvufræðiupplýsingum eftir Gunnar Gunnarsson hagfræðing BSRB. Sögu verkalýðshreyfingarinnar eftir Helga Guðmundsson trésmið og sagnfræðing.

• Meginmarkmið forystufræðslunnar er að gera stjórnarmenn aðildarfélaganna hæfari til að sinna starfi sínu

• Efla aðildarfélögin og BSRB

• Undirbúa félögin fyrir næstu kjarasamninga

• Efla samhuginn innan BSRB og samræma áherslur

Þátttaka á sl. vori var nokkuð góð. Alls sóttu um 100 manns námskeiðin. Almenn ánægja hefur ríkt með námið og ljóst að framhald verður á þessu.

Orlofsbyggðir BSRB

Á tímabilinu hefur verið unnið að hefðbundnum viðhalds- og endurnýjunarverkefnum í orlofsbyggðunum auk nýsmíði og umhirðu svæðisins. Árlega þarf að skipta út ýmsum hlutum, svo sem hitakútum, sjónvörpum, rúmum, dýnum, eldhúsahöldum og húsgögnum svo dæmi séu nefnd.

Unnið hefur verið að endurnýjun palla við húsinn. Á tímabilinu hafa verið endurnýjaðir allar við öll hús í Stóru-Skógum. Samhliða því var lokið við breytingar í eldhúsi og parketlögnum. Þá hafa verið settir nýir allar við 40 hús í Munaðarnesi. Jafnframt voru baðherbergin í öllum stórum húsum í Stekkjarhól og Eyrarhlíð endurnýjuð. Þá hafa ný rúm verið sett í flest hús í Munaðarnesi. Þök máluð í Vörðuási og þakkantar endurnýjaðir. Lagfæra þurfti affall frá rotþró í Eyrarhlíð en lagnir höfðu aflagast í frostum. Var það mikið verk en í framhaldi af því var ráðist í gerð göngustígs frá húsi 44 og niður á eyrarnar við Norðurá. Þá voru grafinn út nokkur rjóður á tjaldstæðinu og þau tyrfd.

Húsnæði staðarhaldara hefur verið í endurnýjun undanfarin ár og hefur því verki verið haldið áfram.

Fúavörn er jafnframt sinnt eftir því sem tími og veðurfar leyfa.

Sérstakt átak var gert á Eiðum og öll húsinn fúavarinn. Keypt voru ný rúm og gluggatjöld í húsinn á Eiðum. Skógurinn á Eiðum var grisjaður og afraksturinn fluttur á brott. Þá hefur verið skipt um jarðveg í göngustígum og endurnýjun farið fram á tjaldsvæði í Munaðarnesi.

Tæki og áhöld

Ýmis tæki og áhöld hafa verið endurnýjuð. Keypt var ný þvottavél í Munaðarnes þar sem önnur tveggja þvottavélanna þar gaf sig. Keypt hafa verið nýjar sláttuvélar og annar búnaður hefur verið endurnýjaður eftir þörfum.

Nýtt sýningartjald var keypt í aðalsal Þjónustumiðstöðvar og jafnframt var keypt ný ljósritunarvél. Ljósritunarvél er í eigu aðalsjóðs eins og sú eldri en endurnýjun var nauðsynleg með hliðsjón af funda- og ráðstefnuhaldi í Munaðarnesi.

Þó Eiðar falli að einhverju leyti í skugga þeirra miklu framkvæmda sem fram fara í Munaðarnesi, hefur verið unnið að endurbótum þar, m.a. voru keypt leiktæki og settur upp nýr leikvöllur.

Starfsmenn

Við orlofsbyggðirnar starfa 8 einstaklingar allt árið og er um helmingur þeirra í fullu starfi. Auk þeirra eru einstaklingar sem starfa hluta úr ári, unglingar við slátt og umhirðu á sumrin og flokkur ræstitækna tekur húsinn í gegn síðla vetrar. Þá koma verktafar að ýmsum verkum eftir því sem ástæða er til, svo sem að yfirfara slökkvitæki, sjúkrakassa o.fl.

Þá er ótalin sú vinna sem unnin er á skrifstofunni að Grettisgötu 89 við útleigu húsa yfir vetrarmánuðina, bókhald, fjármálavafstur o.fl.

Menningarhátíð

Menningarhátíðin var að vanda haldin í sumarbyrjun öll árin. Sumarið 2001 var opnuð málverkasýning Guðbjargar Lindar Jónsdóttur en auk þess bar góða gesti að garði. Stór-söngvarinn Kristinn Sigmundsson fór þar í broddi fylkingar ásamt undirleikara sínum, Jónasi Ingimundarsyni auk þess sem Bjarni Guðmundsson prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri flutti hugleiðingar. Menningarhátíðin var mjög vel sótt og var fullt út úr dyrum.

Í sumarbyrjun 2002 var Menningarhátíðin haldin með opnun á málverkasýning Hlífur Ásgrímsdóttur en auk þess komu fram Snorri Wiium, sem söng við undirleik Jónasar Ingimundarsonar og Guðrún Þ. Stephensen leikkona las ljóð. Veitingar voru fram bornar í boði BSRB.

Sl. sumar var opnuð sýning á verkum Önnu Gunnlaugsdóttur myndlistarkonu og í tengslum við opnunina var að venju efnt til Menningarhátíðar þar sem Sigrún Hjálmtýsdóttir sópransöngkona – Diddú – söng við undirleik Jónasar Ingimundarsonar píanóleikara og Pétur Gunnarsson rithöfundur ávarpaði gesti og las upp úr verkum sínum bæði í bundnu máli og óbundnu. Húsfyllir var og hreif Diddú alla viðstadda með söng sínum og Jónas Ingimundarson fór á kostum í tali og tónum. Mjög góður rómur var einnig gerður af upplestri Péturs.

Þjónustumiðstöðin

Allt kapp er lagt á að viðhalda Þjónustumiðstöðinni og gera hana eins aðlaðandi gestum staðarins og hægt er. Salarkynni hafa verið máluð og dyttað að einu og öðru eins og gengur. Þá hefur verið unnið á sviði almannatengsla en símar og tölvur eru kröfur nútímans og vart hægt að bjóða upp á ráðstefnuaðstöðu án þess að geta lagt til internettingu fyrir fleiri en eina tölvu. Hefur verið komið upp IDSN-tengingu og sendi í Þjónustumiðstöðinni þannig að þeir sem eru með netkort í tölvum sínum geta tengst internetinu þráðlaust. Frekari framkvæmdir á þessu sviði eru til skoðunar.

Sl. sumar voru sett upp leiktæki og tölvur í litla salinn í Þjónustumiðstöðinni og var sú aðstaða mikið nýtt af ungu kynslóðinni.

Veitinga- og verslunarrekstur

Unnur Ágústsdóttir hefur séð um rekstur veitingastaðar og verslunar. Verslunarreksturinn er erfiður þar sem mjög hefur dregið úr viðskiptum frá einu ári til annars. Gestir koma meira eða minna með vörur úr stórmörkuðum eða verslunum í nágrenninu og kaupa því aðeins það sem vantar hverju sinni. Þá hefur veitingarekstur ekki gengið sem skyldi og hefur verið tekin sú ákvörðun að hann verði aðeins í tengslum við ráðstefnur, fundahöld eða aðrar tilfallandi upþakomur.

Eigendaskipti

Eins og flestir þekkja voru Eiðar seldir nýjum eigendum



Leiktækin í Munaðarnesi hafa notið mikilla vinsælda hjá ungu kynslóðinni. Mynd: Geir Sævar

sumarið 2001 en BSRB gerði á sínum tíma leigusamning til 75 ára varðandi það land sem við nýtum. Leitað var möguleika á kaupum á þeim hluta jarðarinnar þar sem orlofsheimili okkar eru en sá hluti jarðarinnar fékkst ekki undanskilinn í kaupum núverandi eiganda. Nýir eigendur hafa skuldbundið sig til að yfirtaka gildandi leigusamninga svo breytinga er ekki að vænta á högum okkar.

Innlausn orlofshúsa

Á tímabilinu hefur orlofssjóður innleyst eitt hús frá Félaga starfsmanna stjórnarráðsins, eitt hús frá Starfsmannafélaga Suðurnesja, eitt frá Starfsmannafélaga Kópavogs og þrjú hús frá Félaga íslenskra leikskólakennara og eitt hús frá Félaga flugmálastarfsmanna ríkisins. Á sama tíma hefur orlofssjóður selt Starfsmannafélaga Skagafjarðar umráðarétt húss í Eyrarhlíð en félagið var aðili að sjóðnum með eitt hús að Eiðum. Starfsmannafélag Hafnarfjarðar skipti á húsi í Munaðarnesi og keypti viðbótarumráðarétt yfir húsi á Eiðum sem áður var í umsjá FÍL.

Hitaveitan

Síðastliðið starfsár hefur verið óvenjulegt fyrir margra hluta sakir enda unnið að langþráðum markmiðum. Sl. vetur tókust samningar milli BSRB og Orkuveitu Reykjavíkur um samstarf varðandi rannsóknir á mögulegum jarðhita í landi orlofsheimilanna í Munaðarnesi. Rannsóknirnar leiddu til það jákvæðrar niðurstöðu að ákveðið var að bora vinnsluholu í landi Munaðarness og var borun framkvæmd í byrjun þessa árs. Árangurinn telst viðunandi en talið er að holan gefi um 15 sekúndulítra af 85°C heitu vatni. Þessa dagana stendur yfir hönnun á dreifikerfi fyrir orlofshúshverfið og jafnframt er verið að hanna breytt hitakerfi fyrir orlofshúsin ásamt tengibúnaði við heita potta. Standa vonir til að heitir pottar verði komnir við sumarhúsin fyrir útleigu næsta sumars.

Heita vatnið eykur þörf fyrir kalt vatn en eins og allir vita hefur það verið af skornum skammti mörg undanfarin ár. Nú

hillir undir lausn hvað það varðar en Orkuveita Reykjavíkur hefur gert samkomulag við Borgarbyggð um að bora eftir köldu vatni nærri Bifröst og leggja vatnsveitu alla leið til Borgarness. Standa vonir til að við getum tengst vatnsveitunni haustið 2004 og gangi það eftir eru vatnsmál okkar leyst til lengri tíma litið.

Sl. sumar kom upp mengunarvandi í vatnsbólum okkar en slíkt hefur ekki komið upp í tæpa tvo áratugi. Að hluta skýrist það af góðu sumri en við slík skilyrði kviknar oft líf sem ekki þrífst við það hitastig sem jafnan er í drykkjarvatni hér á landi. Yfirborðsvatn eins og notast er við að hluta í Munaðarnesi er viðkvæmara fyrir slíkum breytingum. Dvalargestir þurftu af þeim sökum að sjóða allt neysluvatn seinni hluta sumars. Gerðar hafa verið endurbætur á vatnsbólum okkar með nýjum malarsíum og í byrjun september var vatnið aftur orðið nær gerlalaust og neysluhæft. Ekki eru líkur á að slíkt komi upp aftur á næstu árum þar sem mikill gæðamunur er á nýja síunarbúnaðinum og þeim sem fyrir var.

Framundan er vandasamt verkefni, þ.e. að fjármagna þær breytingar sem þarf að ráðast í svo sumarhúsin fái þá andlitslyftingu sem nútíminn krefst. Eins og staðan er í dag eru of mörg hús rekin af orlofssjóðnum án þess að aðildarfélög standi að baki þeirra. Orlofssjóðnum er því mikill akkur að fá aðildarfélögin til samstarfs og þátttöku í rekstri orlofsheimilanna.

Að öðru leyti hefur reksturinn verið með hefðbundnu sniði. Áfram var haldið á þeirri braut að endurnýja baðherbergi húsanna ásamt hefðbundnu viðhaldi, stöðugt er verið að skipta út rúmum og mörg aðildarfélög hafa ráðist í að endurnýja húsgögn á eigin kostnað. Útleiga hefur gengið vel og má segja að stöðug aukning sé á henni en orlofssjóður hefur leigt lausu húsin á markaðsverði yfir sumarmánuðina. Þá er orðinn nær fastur liður að nemendur Viðskiptaháskólans á Bifröst hafi hjá okkur vetursetu og til samans hafa þessar ráðstafanir skilað sjóðnum auknum tekjum. Það kemur þó ekkert í stað þátttöku aðildarfélaganna og betur má ef duga skal.

Framundan er því spennandi tími í orlofsmálum í kjölfar breytinga og endurnýjunar.



Vinnuhópur úr stjórn BSRB ræðir skipulag og stefnumótun BSRB á vinnufundi stjórnar í Munaðarnesi.

Skattastefna BSRB

Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á skattkerfinu á undanförunum árum og hafa þær einkum falið í sér ívilnanir fyrir fyrirtæki en síður fyrir launafólk. Þá hafa stjórnvöld gefið fyrirheit um almennar skattalækkningar. Þessu til viðbótar má nefna að í þjóðfélaginu hafa lengi verið uppi háværar kröfur um að jaðarskattar verði lækkaðir og hefur BSRB tekið undir þær kröfur. Samtökin hafa fyrir sitt leyti ætíð lagt áherslu á réttlátt skattkerfi en jafnframt hefur BSRB varað við því að veikja tekjustofna hins opinbera og þar með stöðir velferðarþjónustu landsmanna.

Með hliðsjón af þessu ákvað stjórn BSRB að gangast fyrir ítarlegri rannsóknarvinnu á skattkerfinu og í kjölfarið leggja fram tillögur um skattabreytingar. Gunnar Gunnarsson hagfræðingur bandalagsins gekk í þetta verk og mótaði tillögur í samræmi við stefnumarkmið BSRB.

Helstu niðurstöður voru kynntar vorið 2003 en í endanlegri útgáfu voru tillögurnar kynntar í lok september sl. Þær hafa vakið mikla athygli í þjóðfélaginu og beint umræðunni inn á nýjar brautir. Ljóst er, að ef tillögunum yrði hrint í framkvæmd, myndu þær leiða til umtalsverðra kjarabóta fyrir

launafólk auk þess sem skattkerfið yrði gagnsærra og skilvirkara. Markmiðin sem hagfræðingur BSRB hafði til grundvallar vinnu sinni voru tíu talsins:

1. Að auka tekju- og aðstöðujöfnun
2. Að auka staðgreiðslu
3. Að lækka lágstu jaðarskatta niður í 20%
4. Að lækka hæstu jaðarskatta niður í 40%
5. Að auka samræmi í skattlagningu
6. Að taka upp samræmdar húsnæðisbætur
7. Að eyða skuldahvata gildandi vaxtabótakerfis
8. Að einfalda skattkerfið
9. Að stórbæta og jafna kjör einstæðra foreldra og hjóna með lágar tekjur
10. Að hafa ekki umtalsverð áhrif á tekjur og útgjöld ríkis og sveitarfélaga

Skattatillögur BSRB er hægt að nálgast á heimasíðu BSRB auk þess sem hægt er að fá þær á tölvudiski.

BSRB rýnir í sjúkrakostnaðinn

Í árslok 2002 gerði BSRB úttekt á kostnaðarhlutdeild sjúklunga í lækni- og lyfjakostnaði. Í stað þess að einblína á þessar stærðir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eins og tíðkast að gera var ákveðið að fylgja sjö einstaklingum sem hrjáðir voru af mismunandi heilsuþrengingum og kanna hver kostnaður þeirra hafi verið af sömu lækni- og lyfjameðferð á árinu 1990, 1996 og árið 2001. Með þessu móti var ætlunin að finna þróun eins konar sjúkravísitölu og hvernig hún kæmi við pyngju hvers og eins. Niðurstöðurnar voru sláandi, allt frá

nokkurra tuga prósentu raunhækkun kostnaðar í 733,75% hækkun!

bsrb.is



Í nóvember 2002 söfnuðust 500 þúsund manns saman í Flórens á Ítalíu til að ræða ýmis mál alþjóðavæðingarinnar á vettvangi European Social Forum. Þátttakendur fóru í mjög fjölmenna göngu til að vekja athygli á ýmsum brýnum málum, m.a. Írakstríðinu sem þá var í aðsigi og GATS.

Mynd phh

GATS

Skoðun BSRB á GATS-samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, hófst fyrir alvöru vorið 2002 og hefur haldið áfram síðan. Það er niðurstaða BSRB að verkalýðshreyfingin þurfi í æ meira mæli að kynna sér áhrif alþjóðlegra samninga á borð við GATS-samninginn, (Almennt samkomulag um viðskipti með þjónustu) enda hefur samningurinn til langs tíma sívaxandi áhrif á starfsumhverfi launafólks og þá ekki síst opinberra starfsmanna. Markmið samningsins er síaukin markaðsvæðing á öllum sviðum þjónustu og er það álit BSRB að hart verði að bregðast til varna eigi að tryggja að almannþjónusta verði ekki felld undir samninginn og markaðsvædd.

Skuldbindingar undir GATS-samningnum eru nánast óafturkræfar og því færir hann þjóðfélagið hægt og bítandi í eina átt, til markaðslausna þar sem erlend stórfyrirtæki eiga að standa á jafnréttisgrundvelli við íslensk fyrirtæki og jafnvel fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga. Svo dæmi sé tekið að þá má sjá þá framtíð fyrir að drykkjarvatn kunni að verða felld undir samninginn. Þegar GATS-samningurinn hefur náð fullri virkni þá má sveitarfélag ekki eiga sína vatnsveitu og styrkja rekstur hennar af almannafé nema þeir einkaaðilar sem hafa haslað sér völl á þessu sviði njóti sömu fyrirgreiðslu. GATS-samningurinn gengur aldrei til baka, hann sölsar aðeins undir sig æ fleiri þjónustugeira og stefnir að því að allir fyrirvarar stjórnvalda við fullri virkni hans verði felldir burt. Þannig er sótt að allri þjónustu hins opinbera, a.m.k. þar sem hægt er að umbreyta rekstrinum þannig að hækka megi gjöld og hafa af gróða.

BSRB hefur haft forystu um að kynna þennan samning og efna til opinna umræðu um hann. Hefur verið sótt á utanríkisráðuneytið, sem hefur forgöngu fyrir Íslands hönd í málum sem snúa að WTO, Alþjóðaviðskiptastofnuninni, um að

upplýst verði hverjar skuldbindingar Íslands eru í yfirstandandi samningalotu og hvaða kröfur hafa verið gerðar á hendur Íslandi. Hefur þrýstingur BSRB orðið til þess að upplýst hefur verið um þessi mál og hefur ráðuneytið boðið BSRB til frekari samráðs um GATS-samningaviðræðurnar. Má nefna að í framhaldi af þessari vinnu BSRB var ASÍ einnig boðið til samráðs, en áður hafði ráðuneytið eingöngu haft samráð við Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og fleiri slík hagsmunasamtök. Þá bauð ráðuneytið fulltrúa BSRB að halda tölu um GATS á kynningarfundum ráðuneytisins um Kankún-fundinn og í framhaldi af því kom ráðuneytið afstöðu BSRB á framfæri á heimasíðu sinni. Vonast BSRB eftir að eiga áframhaldandi góða samvinnu við utanríkisráðuneytið um þessi mál.

BSRB-tíðindi í september 2002 voru að miklu leyti helguð GATS-samningnum og kynningu á honum. Páll H. Hannesson starfsmaður BSRB hefur unnið að GATS-málum fyrir samtökin, haldið fyrirlestra og kynnt afstöðu samtakanna bæði á fundum og í fjölmiðlum. Einnig hefur hann verið fulltrúi BSRB á samráðsfundum utanríkisráðuneytisins og verið í tengslum við aðila erlendis sem hafa sérþekkingu á málaflökknum. Þannig hafa verið haldnir fjölmennir kynningarfundir fyrir trúnaðarmenn SFR og Fulltrúaráð StRv, auk kynningar fyrir stjórn BSRB. Þá hefur verið leitast við að upplýsa önnur verkalýðsfélög um GATS-samninginn, bæði með útsendingum á kynningarefni sem og fundum. Þannig var t.d. haldinn kynningarfundur fyrir stjórn Kennarasambands Íslands og stjórn Upplýsingar. Að lokum má nefna að greinar er útskýra GATS-samninginn frá ýmsum sjónarhornum hafa verið sett á heimasíðu BSRB og eru þar öllum félögum aðgengilegar.

Réttindamál

Lögfræðipjónusta

Erna Guðmundsdóttir héraðsdómslögmaður er fastur starfsmaður BSRB og sinnir hún ýmsum lögfræði- og réttindamálum fyrir bandalagið.

Þá hefur Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður BSRB haft fasta viðtalstíma á skrifstofu bandalagsins tvisvar í mánuði og geta aðildarfélög BSRB pantað tíma hjá honum fyrir félagsmenn sína í gegnum skrifstofu BSRB. Einnig sinnir Gestur ýmsum lögfræðilegum viðfangsefnum fyrir bandalagið og aðildarfélög þess.

Réttindanefnd BSRB

Réttindanefnd BSRB starfar samkvæmt stjórnarsamþykkt BSRB og er hún skipuð sex fulltrúum sem kosnir eru af stjórn BSRB. Þá er lögfræðingur BSRB starfsmaður nefndarinnar. Nefndin tekur til umfjöllunar erindi sem stjórn BSRB eða einstök aðildarfélög ákveða að vísa til nefndarinnar. Fulltrúi viðkomandi félags á rétt til setu á fundi

nefndarinnar komi fram ósk um það. Fulltrúar BSRB sem skipaðir eru í nefndir og ráð um réttindamál á vegum bandalagsins geta leitað liðsinnis réttindanefndar við vinnslu gagna og skal nefndin vera þeim til ráðgjafar sé eftir því leitað. Þá getur nefndin einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni aðildarfélaga BSRB.

Þau erindi sem nefndin hefur fengið til umfjöllunar frá aðildarfélögum BSRB snerta mörg svið réttinda starfsmanna. Má þar helst nefna túlkun á ýmsum ákvæðum kjarasamninga einstakra aðildarfélaga, réttindi vaktavinnufólks, orlofsmál, vinnutímamál, lífeyrissjóðsmál o.s.frv. Upplýsingar um störf réttindanefndar og niðurstöðu mála eru send reglulega út til allra aðildarfélaga BSRB. Önnur mál sem hafa verið á borði réttindanefndar, annað hvort að beiðni stjórnar BSRB eða að eigin frumkvæði og snerta sameiginlega hagsmuni aðildarfélaga eru t.d. endurskoðun laga um kjarasamninga opin-

berra starfsmanna, reglur um eftirlit með tölvupósti og internetnotkun starfsmanna og sveigjanleg starfslok. Þá er réttindanefnd BSRB bakhópur fulltrúa BSRB í samráðsnefnd um reglur á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar fer fram ýmiss konar samráð við heildarsamtök á vinnumarkaði, t.d. varðandi þær tilskipanir sem Íslandi ber að gildistaka annað hvort með samningum eða lögum. Þá er réttindanefndin bakhópur fulltrúa BSRB í samráðsnefnd varðandi skipulag vinnutíma.

Það sem BSRB hefur náð fram með samningum við viðsemjendur sl. 2-3 ár í formi nýs og bættis réttar til handa félagsmönnum í aðildarfélögum BSRB er m.a.:

Veikindaréttur

Þann 24. október 2000 náðist mikill áfangi í réttindamálum þegar samið var um nýjan og bættan veikindarétt ásamt greiðslu í styrktarsjóð með samkomulagi milli BSRB, BHM og KÍ annars vegar og ríkis, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga hins vegar.



Vorið 2001 var haldið starfslokanámskeið í Vestmannaeyjum á vegum BSRB.

Samráðsnefnd um veikindarétt starfar samkvæmt samkomulaginu og er hlutverk hennar að fjalla um túlkun og útfærslu einstakra ákvæða um veikindarétt skv. samkomulaginu.

Fæðingarorlof

Vorið 2000 voru samþykkt ný lög um fæðingar- og foreldraorlof þar sem gert var ráð fyrir stofnun fæðingarorlofs-sjóðs. Að tilstuðlan BSRB, BHM og KÍ var stofnaður Fjölskyldu- og styrktar-sjóður sem hefur það markmið að greiða mismun ef sýnt þykir að hærri greiðslur hefðu verið greiddar eftir því kerfi sem var við lýði fyrir gildistöku nýju fæðingarorlofslaganna.

Breytingar á vakta- og vinnutímaákvæðum kjarasamninga

Þann 22. mars 2001 gerði BSRB f.h. flestra aðildarfélaga sinna samkomulag við ríkið um ákveðna þætti í kjarasamningum sem varðaði breytingar á vinnutíma- og vaktaálagi kjarasamninga. Meðal þess sem samið var um voru hækkanir á vaktaálagi auk þess sem kafla um hvíldartíma var breytt og hann gerður skýrari. Samningur þessi varð svo hluti af kjarasamningum aðildarfélaga BSRB.

Viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar

Gert var samkomulag milli BSRB, BHM og KÍ annars vegar og fjármálaráðuneytisins hins vegar um viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar en samkvæmt því greiddi atvinnurekandi 1% af launum frá 1. janúar 2001 en 2% frá og með 1. janúar 2002 á móti 2% framlagi starfsmanns.

Samningur um vörslu og ávöxtun orlofsfjár

25. maí 2001 gerði BSRB fyrir hönd aðildarfélaga sinna með samninga við ríkið, samning um vörslu og ávöxtun orlofslauna við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Í krafti stærðarinnar náðust hagstæð vaxtakjör.



Erlent samstarf



NTR-ráðstefna var haldin í Þórshöfn í Færeyjum í ágúst sl. og sóttu hana fulltrúar BSRB auk fulltrúa annars staðar að af Norðurlöndunum. Myndin birtist í Starvs-bláðinu, blaði Starvsmannafélags Færeyja.

BSRB hefur á undanförmum árum lagt rækt við erlent samstarf og hefur jafnt og þétt fjölgað í þeim hópi sem sinnir slíkum tengslum af hálfu bandalagsins. Til BSRB berst mikið magn upplýsinga sem geta orðið að góðu gagni ef vel er á haldið. Bandalagið hefur reynt að nýta slíkar upplýsingar í starfi sínu en jafnframt hafa fulltrúar BSRB lát-ið að sér kveða í alþjóðsamstarfi og lagt þannig sitt af mörk-um í samvinnu samtaka launafólks á alþjóðavísu. Samhliða



NTR hélt ráðstefnu á Höfn í Hornafirði í sumarbyrjun 2002 og vitaskuld var farið með þátttakendum upp á Vatnajökul.

alþjóðavæðingu efnahagslífsins vex þörf á alþjóðlegri sam-stöðu launafólks.

Pungamiðjan í erlendum samskiptum BSRB er á Norður-löndum. BSRB á fulltrúa í stjórn Norræna verkalýðssam-bandsins, NFS, og Sambands opinberra starfsmanna á Norð-urloöndum, NTR.

Í stjórn NFS sitja fulltrúar heildarsamtaka norræns launa-fólks og kemur stjórnin að jafnaði saman tvisvar sinnum á ári en NTR-samtökin haga hins vegar sínu starfi þannig að árlega er efnt til ráðstefnu um málefni sem snerta almannaþjónustu eða kjör og réttindi launafólks. Árið 2000 sóttu fimm fulltrúar BSRB ráðstefnu NTR í Svíþjóð. Árið eftir var ráðstefnan haldin hér á landi, á Höfn í Hornafirði, og í sumar var hún haldin í Þórshöfn í Færeyjum. Fimm manna hópur sótti þá ráðstefnu.

BSRB er í Evrópusambandi verkalýðsfélaga, ETUC og Al-þjóðasamtökum frjálsra verkalýðsfélaga ICFTU. Þá á BSRB aðild að Alþjóðasamtökum launafólks í almannaþjónustu, PSI, en í þeim samtökum eru yfir tuttugu milljónir manna um heim allan. Haustið 2002 var fulltrúi BSRB kjörinn í stjórn samtakanna. Alþjóðasamtök starfsfólks í almannaþjónustu sinna umtalsverðu starfi í Evrópu, innan og utan Evrópusam-



Nemendur í Genfarskólanum vorið 2002, en BSRB hefur sent nemanda í skólann árlega undanfarin ár.

bandsins. Á vegum stjórnar BSRB hefur níu manna hópur fylgst með starfi samtakanna í Evrópu og tekið þar virkan þátt. Í þessu starfi hefur hæst borið einkavæðing og aðrar grundvallar kerfisbreytingar á samfélaginu. Þannig hafa þessi samtök reynt að upplýsa um afleiðingar einkavæðingar samfélagsþjónustunnar, nú síðast í tengslum við áform Evrópusambandsins um að setja vatnsveitur undir samkeppnislög. Með því yrði stigið fyrsta skrefið í átt til einkavæðingar vatnsbólanna. Ef þetta yrði ákveðið innan Evrópusambandsins má líklegt heita að hið sama yrði uppi á teningnum hér á landi. Þar sem einkavæðingu vatnsveitna hefur verið hrint í framkvæmd hafa afleiðingarnar verið vægast sagt slæmar fyrir neytendur og hefur BSRB þótt þótt brýnt að koma upplýsingum þar að lútandi á framfæri við íslensk stjórnvöld og efna til almennrar umræðu í þjóðfélaginu um afleiðingar kerfisbreytinga af þessu tagi.

BSRB á fulltrúa í ráðgjafanefnd EFTA og EES. Aðild Íslands

að Hinu evrópska efnahagssvæði hefur haft í för með sér mikla vinnu í tengslum við samræmingu á reglum og reglugerðum. Þeirri vinnu hefur Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur BSRB einkum stýrt með aðkomu félagskjörinna fulltrúa.

BSRB á aðild að Genfarskólanum og hafa samtökin nýtt sér rétt sinn til að senda árlega einn fulltrúa á skólann. Hafa þeir sem þetta hafa nýtt sér látið vel af náminu.



Bílstjórar frá Strætó bs urðu Norðurlandameistarar í strætóakstri 2002 en keppnin fór fram í Kaupmannahöfn.

Nokkrir þátttakendur á starfslokánámskeiði BSRB í desember 2000 ásamt Þóri S. Guðbergssyni einum af leiðbeinendum á námskeiðinu.



Samband lífeyrisþega ríkis og bæja

Samband lífeyrisþega ríkis og bæja var stofnað 22. nóvember 1980 til að vekja áhuga lífeyrisþega á hagsmunamálum sínum og berjast fyrir þeim. Jafnframt stóð það fyrir samkomuhaldi til afþreyingar meðlima. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Heildarsamtökin hafa tekið breytingum og má þar nefna að frá BSRB hafa horfið Kennarasambandið, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félag íslenskra símamanna. Ofantaldir voru áhrifaaðilar í starfi sambandsins.

Á stjórnarfundi SLRB 27. maí 1993 var mjög rætt um framtíðartilveru sambandsins. Vitna má til að nú eru komin öflug samtök ellilífeyrisþega sem myndað hafa landssamtök. Samtök þessi láta sig varða mjög réttindi og stöðu lífeyrisþega. Segja má að þar hafi myndast sterkt afl sem ríkisvaldið hefur nú viðurkennt til samninga um þessi mál. Þetta mun verða rætt nánar á næsta þingi SLRB sem er hið 11. í röðinni. Starf sambandsins hefur verið með líkum hætti og áður. Samþykkt-

ir sendar fjölmiðlum og stjórnvöldum. Stjórnin hefur rætt stöðu lífeyrisþega og gert ályktanir þar um.

Lögum BSRB var breytt þannig á síðasta þingi bandalagsins að formaður SLRB eða staðgengill hans situr í stjórn BSRB með málfrelsi og tillögurétt. SLRB hefur nýtt þennan rétt og komið á framfæri málefnum sínum innan stjórnar BSRB. Merkast mála þar hefur verið umræða um skattastefnu BSRB. SLRB á aðild að hjúkrunarheimilinu Skjólí. Sambandið á þrjá fulltrúa í fulltrúaráði Skjóls og hafa þeir mætt þar á boðuðum fundum.

Á 10. þingi SLRB voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn sambandsins: Marías Þ. Guðmundsson formaður, Guðmundur Jóhannsson PFÍ varaformaður, Inga Gunnlaugsdóttir SLFÍ ritari, Grétar Eiríksson St.Rv., Kristinn Óskarsson LL og Bergljót Eiríksdóttir SFR. Sambandið þakkar samstarf við BSRB, formanni og skrifstofustjóra, sem hefur verið hið besta í alla staði.

Vinnudeilusjóður BSRB

Vinnudeilusjóður BSRB er með samning um fjárvörslu við Landsbréf hf. og Landsbanka Íslands hf. Einnig á sjóðurinn húseign að Grettisgötu 89. Er það í samræmi við ákvörðun sjóðstjórnar og í samræmi við reglugerð um ávöxtun sjóðsins. Þar segir að hann skuli ávaxtast með öruggum hætti. Telur stjórnin það samræmast örygginu að dreifa áhættunni og að hafa ekki öll egginn saman í einni körfu.

Á síðasta þingi var lögum BSRB breytt og jafnframt var reglugerð Vinnudeilusjóðs BSRB breytt í samræmi við það þannig að núna eru stjórnarmenn kosnir til eins árs og farið yfir gjörðir og reikninga á aðalfundi BSRB einu sinni á ári.

Í stjórn vinnudeilusjóðs nú eru Garðar Hilmarsson Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar formaður, Hjörleifur Ingólfs-son Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar varaformaður, Torfi

Þorsteinsson Póstmannafélagi Íslands gjaldkeri, Helga Dögg Sverrisdóttir Sjúkarliðafélagi Íslands ritari, Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir Starsmannafélagi ríkisstofnana og Þorbjörn Daníelsson Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins.

Styrkir vegna vinnudeilna frá síðasta þingi hafa verið eftirfarandi: 2.000.000 til Vinnudeilusjóðs Kennarasambands Íslands vegna verkfalls framhaldskólakennara í desember 2000, 4.000.000 til Landssambands lögreglumanna í október 2000 vegna kjaradeildu þeirra. 10.000.000 til Sjúkraliðafélags Íslands í nóvember 2001 vegna verkfalls sem félagið átti í á þeim tíma. 10.000.000 til BSRB í janúar 2002, sem áttu að standa straum af átaksverkefnum er varða skattkerfið og velferðarkerfið og í rannsóknir og hugmyndavinnu á þessum sviðum.

Félagatal BSRB 2003

Fjöldi félaga í ársbyrjun 2003

	Konur	Karlar	Alls
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	45	82	127
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	164	62	226
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi	476	94	570
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	317	165	482
Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum	45	16	61
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	225	52	277
Landssamband lögreglumanna	29	377	406
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningam.	5	276	281
Lögreglufélag Reykjavíkur	27	234	261
Póstmannafélag Íslands	847	271	1118
Sjúkraliðafélag Íslands	1453	29	1482
Starfsmannafélag Akraness	262	67	329
Starfsmannafélag Akureyrarbæjar	433	163	596
Starfsmannafélag Borgarbyggðar	88	20	108
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu	185	47	232
Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar	81	20	101
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar	34	26	60
Starfsmannafélag Garðabæjar	218	37	255
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	306	124	430
Starfsmannafélag Húsavíkur	88	44	132
Starfsmannafélag Kópavogs	497	108	605
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	180	35	215
Starfsmannafélag Ólafsfjarðar	67	19	86
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	1778	946	2724
Starfsmannafélag ríkisstofnana	3669	1504	5173
Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins	60	48	108
Starfsmannafélag Seltjarnarness	95	38	133
Starfsmannafélag Siglufjarðarkaupstaðar	27	23	50
Starfsmannafélag Skagafjarðar	130	49	179
Starfsmannafélag Suðurnesja	467	154	621
Starfsmannafélag Sveitarfélagsins Árborgar	127	29	156
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar	220	82	302
Tollvarðafélag Íslands	22	89	111
Einstaklingsaðilar hjá sveitarfélögum	48	8	56
Samtals	12715	5338	18053

Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum

Stjórn BSRB tilnefnir fulltrúa í ýmsar nefndir og til margvíslegra starfa annað hvort samkvæmt lögum eða til að sinna sérstökum tímabundnum verkefnum. Helstu nefndir og verkefni verða talin hér á eftir og fulltrúar bandalagsins í þeim.

Ferðakostnaðarnefnd:

Guðmundur Ingi Waage.

Félagsdómur:

Guðni Á. Haraldsson, hrl.

Félagsmálaskóli alþýðu:

Elín Björg Jónsdóttir.

varam.: Jens Andrésson.

Fjölskyldu- og styrktarsjóður:

Ögmundur Jónasson.

varam.: Erna Guðmundsdóttir

Jafnréttisráð:

Þórveig Þormóðsdóttir.

varam.: Einar Ólafsson.

Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna, K.O.S.:

Gunnar Gunnarsson, hagfr., Jens Andrésson, Árni

Sigurjónsson.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins:

Ögmundur Jónasson, Trausti Hermannsson.

varam.: Þórveig Þormóðsdóttir, Þorgrímur Guðmundsson.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga:

Sjöfn Ingólfssdóttir, Elín Björg Jónsdóttir.

varam.: Björg Bjarnadóttir, Ögmundur Jónasson.

Nefnd landbúnaðarráðherra um grænmetisverð:

Elín Björg Jónsdóttir.

Nefnd um málefni langveikra barna:

Jens Andrésson.

Nefnd um fyrirkomulag flutnings raforku:

Jens Andrésson.

Nefnd til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu:

Kristín Á. Guðmundsdóttir.

Nefnd til að móta reglur um sveigjanleg starfslok:

Arna Jakobína Björnsdóttir.

Ráðgjafanefnd EFTA:

Erna Guðmundsdóttir, lögfr.

Samráðshópur um upplýsingasamfélagið:

Sigurður Á. Friðþjófsson.

Samráðsnefnd um reglur á sviði félagsmála á Evrópska**efnahagssvæðinu:**

Erna Guðmundsdóttir.

varam.: Jónas Magnússon.

Samráðsnefnd um skipulag vinnutíma:

Jónas Magnússon.

varam.: Erna Guðmundsdóttir.

Samráðsnefnd um veikindarétt:

Erna Guðmundsdóttir.

varam.: Ögmundur Jónasson.

Samráðsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi:

Kristín Á. Guðmundsdóttir.

Samráðshópur um hækkun íbúðalána:

Valdimar Þorvaldsson.

Starfsgreinaráð fyrir heilbrigðis- og félagslega þjónustu:

Birna Ólafsdóttir, Árni Stefán Jónsson.

varam.: Valgerður Reginsdóttir, Guðfinna Ólafsdóttir.

Starfsgreinaráð fyrir uppeldis- og tómstundagreinar:

Ragnheiður Stefánsdóttir, Árni Guðmundsson.

varam.: Jakobína Þórðardóttir, Jón Júlíusson.

Starfsgreinaráð fyrir fjármála- og verslunargreinar:

Kristín Björg Kristjánsdóttir.

varam.: Torfi Þorsteinsson.

Starfsgreinaráð fyrir öryggisvörslu, björgun**og löggæslu:**

Björn Gíslason, Gils Jóhannsson.

varam.: Rúnar Helgason, Kristján Kristjánsson.

Starfsmenntaráð:

Sjöfn Ingólfssdóttir.

varam.: Jón Júlíusson.

Starfsmenntunarsjóður starfsm.rík. innan BSRB:

Kristín Á. Guðmundsdóttir.

Ólafur A. Jónsson.

Starfsnefnd LSR um lífeyrismál:

Árni Stefán Jónsson.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs:

Ína Halldóra Jónasdóttir.

varam.: Garðar Hilmarsson.

Verðlagsnefnd búvara:

Elín Björg Jónsdóttir.

varam.: Jón Júlíusson

Vinnueftirlit ríkisins:

Sigríður Kristinsdóttir.

varam.: Vernharð Guðnason.

Vinnumálastofnun:

Sjöfn Ingólfssdóttir.

varam.: Arna Jakobína Björnsdóttir.

Þá á BSRB fulltrúa í úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta og í svæðisráðum vinnumiðlana.

ERLENT SAMSTARF:**NFS:**

Ögmundur Jónasson.

varam.: Sjöfn Ingólfssdóttir.

ETUC:

Ögmundur Jónasson.

varam.: Sjöfn Ingólfssdóttir.

NTR:

Ögmundur Jónasson.

varam.: Sjöfn Ingólfssdóttir.

PSI:

Ögmundur Jónasson.

varam.: Jens Andrésson.

Tengiliðir við alþjóðaskrifstofu PSI:

a) heilbrigðismál: Kristín Á. Guðmundsdóttir, Arna Jakobína Björnsdóttir

b) ríkisrekstur: Jens Andrésson, Jónas Magnússon.

c) sveitarfélög: Árni Guðmundsson.

d) stoðþjónusta: Anna Atladóttir, Þuríður Einarsdóttir.

Formenn félaga 2003

Félag flugmálastarfsmanna ríkisins
Hallgrímur Hallgrímsson

Félag opinberra starfsm. á Austurlandi
Þorvaldur Jónsson

Félag opinberra starfsm. á Suðurlandi
Elín Björg Jónsdóttir

Félag opinberra starfsm. á Vestfjörðum
Ólafur Baldursson

Félag opinberra starfsm. í Húnavatnssýslum
Bára Garðarsdóttir

Félag starfsm.stjórnarráðsins
Þórveig Þormóðsdóttir

Landssamband lögreglumanna
Óskar Bjartmarz

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Vernharð Guðnason

Lögreglufélag Reykjavíkur
Sveinn Ingiberg Magnússon

Póstmannafélag Íslands
Þuríður Einarsdóttir

Sjúkraliðafélag Íslands
Kristín Á. Guðmundsdóttir

Starfsm.fél. Akraness
Valdimar Þorvaldsson

Starfsm.fél. Akureyrarbæjar
Arna Jakobína Björnsdóttir

Starfsm.fél. Borgarbyggðar
Anna Ólafsdóttir

Starfsm.fél. Dala- og Snæfellsnessýslu
Þröstur Kristófersson

Starfsm.fél. Dalvíkurbyggðar
Guðbjörg Antonsdóttir

Starfsm.fél. Fjarðabyggðar
Kristinn Ívarsson

Starfsm.fél. Garðabæjar
Gunnar Hrafn Richardson

Starfsm.fél. Hafnarfjarðar
Árni Guðmundsson

Starfsm.fél. Húsavíkurkaupstaðar
Stefán Stefánsson

Starfsm.fél. Kópavogs
Jón Júlíusson

Starfsm.fél. Mosfellsbæjar
Gísli Ársæll Snorrason

Starfsm.fél. Ólafsfjarðar
Guðbjörn Arngrímsson

Starfsm.fél. Reykjavíkurborgar
Sjöfn Ingólfssdóttir

Starfsm.fél. ríkisstofnana
Jens Andrésson

Starfsm.fél. Ríkisútvarpsins
Ragnheiður Valdimarsdóttir

Starfsm.fél. Seltjarnarness
Ingunn Hafðís Þorlákssdóttir

Starfsm.fél. Siglufjarðarkaupstaðar
Hörður Þór Hjálmarsson



Borað eftir heitu vatni í Munaðarnesi haustið 2002

Starfsm.fél. Skagafjarðar
Ragna Jóhannsdóttir

Starfsm.fél. Suðurnesja
Ragnar Örn Pétursson

Starfsm.fél. Sveitarfélagsins Árborgar
Bergsveinn Halldórsson

Starfsm.fél. Vestmannaeyjabæjar
Unnur Sigmarsdóttir

Tollvarðafélag Íslands
Hörður Davíð Harðarson

Samband lífeyrisþega ríkis og bæja
Marías Þ. Guðmundsson

